Stofnað 1917

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/423
komudagur 5.12.2005

**Nefndasvið Alþingis**
**Félagsmálanefnd**
**b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 2. desember 2005.

**Efni: Þingsáltill. um gjaldfrjálsan leikskóla (26. mál).**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þinsályktunartillögu. Tillagan felur það í sér að skipuð verði nefnd sem vinna að því að leikskóli verði „gjaldfrjáls".

Fyrst ber að nefna að leikskólar eru á höndum sveitarfélaga og er þeim frjálst að ákveða sjálfir hvort og þá hve mikið gjald þeir taka fyrir leikskólavist. Auk þess er vandséð hvernig leikskóli getur orðið fullkomlega gjaldfrjáls, enda hlýtur einhver að þurfa að bera þann kostnað sem hlýst af rekstri þeirra. Það sem þessar tillögur ganga í raun út á er að greiðslubyrðinni sé velt af þeim sem nota þjónustuna yfir á þá sem nota hana ekki, þ.e.a.s. útsvarsgreiðendur. Er verulega óréttlátt að almenningur þurfi að greiða hærri skatta en ella til að greiða fyrir þjónustu tiltekins hóps. Eru þessar hugmyndir ekki heldur til þess fallnar að bæta fárhagsstöðu sveitarfélaga.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson

Kringlan 7 • 103 Reykjavík • sími/tel. + 354 510 7100 • fax + 354 568 6564 • info@vi.is • www.vi.is